



Erindisbréf fyrir fagsvið innri endurskoðunar

1. Inngangur

Hjá Reykjavíkurborg annast Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar innri endurskoðun borgarsjóðs í umboði borgarráðs og innri endurskoðun fyrirtækja sem Reykjavíkurborg á að helmingi eða meiru í samræmi við almenna eigandastefnu Reykjavíkurborgar gagnvart B hluta félögum og eftir nánara samkomulagi við stjórnir þeirra. Fagsvið innri endurskoðunar er sú eining innan Innri endurskoðunar og ráðgjafar sem annast innri endurskoðunina.

Erindisbréf þetta er sett með vísun í staðal 1000 í alþjóðlegum stöðlum um innri endurskoðun (*International Standards for the Professional Practice Framework of Internal Auditing*). Erindisbréfinu er ætlað að skilgreina tilgang, heimildir og ábyrgð fagsviðs innri endurskoðunar með formlegum hætti.

2. Hlutverk og tilgangur

Fagsvið innri endurskoðunar er starfseining innan Innri endurskoðunar og ráðgjafar Reykjavíkurborgar. Fagsviðinu er falið að annast innri endurskoðun og veitir þannig óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur Reykjavíkurborgar. Með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum leggur það mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttar og stuðlar þannig að því að Reykjavíkurborg nái markmiðum sínum.

Fagsvið innri endurskoðunar sinnir innri endurskoðun innan A hluta Reykjavíkurborgar í umboði borgarráðs og ber ábyrgð á innri endurskoðun innan samstæðu Reykjavíkurborgar vegna ábyrgðar A hluta á B hluta. Fagsvið innri endurskoðunar sinnir jafnframt og hefur eftirlit með innri endurskoðun innan B hluta í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 25. október 2007, almenna eigandastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var á fundi borgarstjórnar hinn 3. maí 2022 og á grundvelli samkomulags við stjórnir dótturfélaga sem kveða á um umboð og hlutverk gagnvart viðkomandi félagi.

3. Umboð, heimildir og óhæði

Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs Reykjavíkur. Hann er ráðinn af borgarráði að höfðu samráði við endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar og fer með stjórn skrifstofu Innri endurskoðunar og ráðgjafar. Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar skal hafa þá menntun, hæfni og reynslu sem er nauðsynleg til að stýra skrifstofunni.

Innri endurskoðandi nýtur faglegs sjálfstæðis í störfum sínum gagnvart allri stjórnarsýslu borgarinnar. Hann skal vera laus við afskipti varðandi ákvörðun á umfangi innri endurskoðunar, framkvæmd verkefna og miðlun niðurstaðna. Honum er óheimilt að taka þátt í meðferð mála sem geta leitt til þess að óhæði hans og sérstöku hæfi sé stefnt í hættu. Verði ágreiningur um sérstakt hæfi eða óhæði innri endurskoðanda skal vísa málinu til endurskoðunarnefndar og eftir atvikum til ákvörðunar borgarráðs. Innri endurskoðandi skal árlega staðfesta stjórnskipulegt óhæði sitt við endurskoðunarnefndina.

Innri endurskoðandi hefur seturétt á fundum borgarráðs og fundum stjórnar B hluta félaga eftir því sem hann telur dagskrárefni gefa tilefni til.

Innri endurskoðanda ber að gæta þagnarskyldu um atvik sem honum verða kunn í starfinu og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Sama gildir um starfsfólk fagsviðs innri endurskoðunar og aðra þá sem starfa að einstökum verkefnum.

Fagsvið innri endurskoðunar hefur í störfum sínum aðgang að öllum gögnum, starfsstöðum og eignum sem snerta þau verkefni sem það sinnir hverju sinni. Borgarráð, fagráð, stjórnendur og starfsfólk Reykjavíkurborgar ásamt stjórnnum, stjórnendum og starfsfólki dótturfyrirtækja skulu veita fagsviði innri endurskoðunar alla aðstoð og upplýsingar sem óskað er og á því formi sem það þarf til þess að geta uppfyllt starfsskyldur sínar.

4. Faglegur grunnur og gæðamat

Fagsvið innri endurskoðunar fylgir faglegri umgjörð um innri endurskoðun sem Alþjóðasamtök innri endurskoðenda gefur út. Umgjörðin samanstendur af alþjóðlegum stöðlum um innri endurskoðun, grundvallarreglum faglegrar innri endurskoðunar, skilgreiningu á innri endurskoðun og siðareglum innri endurskoðenda. Innri endurskoðandi gerir endurskoðunarnefnd og stjórnendum reglulega grein fyrir fylgni starfseminnar við faglega umgjörð innri endurskoðunar í innra gæðamati sínu og ytra gæðamati sem fer fram a.m.k. á fimm ára fresti. Markmið gæðamats er að meta fylgni við Staðlana og siðareglurnar og leggja mat á skilvirkni og árangur fagsviðs innri endurskoðunar.

Staðlarnir og siðareglurnar eru faglegur grunnur að starfsemi fagsviðs innri endurskoðunar og samkvæmt þeim ber starfsfólki fagsviðs innri endurskoðunar að gæta óhæðis og hlutleysis í störfum sínum og hafa að leiðarljósi heilindi, hlutlægni, trúnað og færni í störfum sínum og um leið að varðveita og efla það traust og þann trúverðugleika sem fagsviði innri endurskoðunar ber að hafa.

Fagsvið innri endurskoðunar fylgir í störfum sínum ýmsum viðmiðum og reglum. Má þar nefna m.a. stjórnarsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 140/2012, persónuverndarlög nr. 90/2018, sveitarstjórnarlög 138/2011, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015, samþykktir, stefnur og verklagsreglur Reykjavíkurborgar og dótturfélaga. Jafnframt skal fagsvið innri endurskoðunar fylgja alþjóðlega viðurkenndum leiðbeiningum og stöðlum um fagleg vinnubrögð innri endurskoðunar, s.s. frá Alþjóðasamtökum innri endurskoðenda (IIA Global), Information Systems Audit and Control Associations (ISACA) og gæða- og eftirlitsstöðlum frá Alþjóðlegu staðlasamtökunum (ISO).

5. Starfsemi fagsviðs innri endurskoðunar

Um starfsemi fagsviðs innri endurskoðunar gildir:

- Borgarstjórn samþykkir fjárheimildir skrifstofu Innri endurskoðunar og ráðgjafar.
- Innri endurskoðandi og fagstjóri innri endurskoðunar leggja innri endurskoðunaráætlun A hluta Reykjavíkurborgar fyrir endurskoðunarnefnd til samþykktar og til kynningar í borgarráði. Áætlunin er gerð á grundvelli áhættumats sem gert er a.m.k. árlega og er haft samráð við borgarráð og stjórnendur í ferlinu.
- Innri endurskoðandi og fagstjóri innri endurskoðunar leggja innri endurskoðunaráætlanir B hluta félaga fyrir endurskoðunarnefnd til afgreiðslu og stjórn viðkomandi félags til samþykktar. Hafi stjórn B hluta félags samið um innri endurskoðun við annan aðila skal innri endurskoðunaráætlun félagsins gerð í samráði við innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar áður en hún er lögð fyrir endurskoðunarnefnd til afgreiðslu.
- Borgarráð getur falið innri endurskoðanda að taka að sér innri endurskoðunarverkefni tengd einstökum einingum eða þáttum í rekstri Reykjavíkurborgar. Stjórnendur eininga hjá A og B hluta geta óskað eftir aðkomu fagsviðs innri endurskoðunar að verkefnum sem undir þá heyrna.
- Fagstjóri fagsviðs innri endurskoðunar gerir endurskoðunarnefnd, borgarráði og fagráðum grein fyrir niðurstöðum úttekta og stjórnnum B hluta félaga eftir því sem við á. Áður skal þess gætt að stjórnendum sé gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum eða ábendingum við skýrsludrög og skulu fylgja viðbrögð þeirra við úrbótatillögum. Lokaskýrsla er send til stjórnenda og úrbótatillögur skráðar í endurskoðunarkerfi fagsviðs innri endurskoðunar. Innri endurskoðandi fylgir reglulega eftir úrbótatillögum til þess að tryggja að aðgerðum stjórnenda sé hrint í framkvæmd.

- Fagstjóri innri endurskoðunar skilar árlegri skýrslu um starfsemi fagsviðs innri endurskoðunar til endurskoðunarnefndar og er hún að því búnu lögð fram til kynningar í borgarráði.
- Innri endurskoðandi gerir endurskoðunarnefnd, borgarráði og viðkomandi stjórnnum viðvart ef hann verður var við misferli fjármuna og eigna og veruleg frávik frá lögum og verklagsreglum.
- Við framsetningu og dreifingu niðurstaðna verkefna skal fylgja samþykktri upplýsingastefnu Innri endurskoðunar og ráðgjafar.

6. Verkefni fagsviðs innri endurskoðunar

Nánar um verkefni fagsviðs innri endurskoðunar:

- Verkefni fagsviðs innri endurskoðunar fela í sér staðfestingarvinnu og ráðgjöf á sviði innra eftirlits, stjórnarháttanna og áhættustýringar. Staðfestingarvinna felur í sér hlutlægt mat á rekstrareiningu, rekstri, starfsemi, ferli, upplýsingakerfi eða öðrum þáttum í starfsemi Reykjavíkurborgar.
- Fagsvið innri endurskoðunar metur stjórnarhætti og eftirlitsumhverfi innan Reykjavíkurborgar. Verkefni fagsviðsins er einnig að meta hvort eignir borgarinnar séu varðveittar með fullnægjandi hætti, áhætta sé auðkennd og stjórnað á viðeigandi hátt, stjórnskipulag, rekstur og stjórnun sé hagkvæm, skilvirk og árangursrík og í samræmi við stefnur, verklagsreglur og gildandi lög og reglugerðir og hvort fjárhags- og rekstrarupplýsingar séu áreiðanlegar og tímanlegar til þess að borgarráð og stjórnendur geti sinnt eftirlitshlutverki sínu. Staðfestingarverkefni eru tilgreind í endurskoðunaráætlun og er umfang þeirra og afmörkun skilgreint nánar í verkáætlun úttektar.
- Fagsvið innri endurskoðunar veitir borgarráði og stjórnendum ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta stjórnarhætti, áhættustýringu og eftirlitsferli Reykjavíkurborgar, án þess þó að taka á sig stjórnendaábyrgð. Ráðgjöf er almennt veitt samkvæmt beiðni og er eðli og umfang verkefna háð samkomulagi. Dæmi um ráðgjöf er álitsgjöf, ráðgjöf eða fræðsla.
- Skrifstofa Innri endurskoðunar og ráðgjafar rekur vefgátt fyrir móttöku ábendinga um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi borgarinnar, bæði frá nafnlausum tilkynnendum og frá uppljóstrurum í samræmi við lög nr. 40/2020 um vernd þeirra. Fagsvið innri endurskoðunar tekur eftir atvikum mál til rannsóknar sem berast í vefgáttina. Innri endurskoðandi gerir borgarritara, borgarstjóra, endurskoðunarnefnd, viðkomandi fagráði og sviðsstjóra grein fyrir lyktum mála og fræðir uppljóstrara um lyktir máls eftir því sem þörf krefur.

7. Endurskoðun á erindisbréfi

Erindisbréfið er yfirfarið árlega af innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar og lagt fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar til samþykktar með það fyrir augum að meta hvort tilgangur, heimildir og ábyrgð séu fullnægjandi til þess að markmiðum með starfsemi fagsviðs innri endurskoðunar sé náð.

Tilvísanir

Samþykkt fyrir Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar og innri endurskoðanda, samþ. á fundi borgarstjórnar 15. júní 2021

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun – Staðlarnir. „International Standards for the Professional Practice of Internal Auditing“

Siðareglur um innri endurskoðun, „Code of Ethics“

19. liður fundargerðar borgarráðs, dags. 25. október 2007

Samþykkt fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar, dags. 10. júlí 2014

Upplýsingastefna Innri endurskoðunar

Stjórnsýslulög nr. 37/1993

Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011

Síðustu breytingar og/eða athugasemdir

Samþykkt á fundi endurskoðunarnefndar 1. júní 2022